



Hreppsnefnd 07.06.07

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 7. júní 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Björn Halldórsson, Þórdís Þorbergsdóttir og Einar Víglundsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitaratjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Eftir að oddviti, Anna Pála hafði sett fund , var hún sérstaklega boðin velkomin í stól oddvita. Þakkaði Anna Pála kveðjuna.

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 24. maí sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 24. maí sl.

Gerð var fyrirspurn varðandi 2.tl. fundargerðarinnar er laut að nýtingu Kaupvangs. Gerð var grein fyrir málinu.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 16. maí sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 16. maí sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð menningarmálanefndar frá 22. maí sl.

Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar frá 22. maí sl. Í fundargerðinni er meðal annars gerð grein fyrir megindráttum í dagskrá Vopnafjarðardaga sem haldnir verða dagana 25.-29. júlí í sumar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. mál Fundargerð bygginganefndar frá 22. maí sl.

Lögð fram fundargerð byggingarnefndar frá 22. maí sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. mál Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 29. maí og 1. júní sl.

Lagðar fram fundargerðir atvinnumálanefndar frá 29. maí og 1. júní sl. Gerð var grein fyrir því að á báðum þessum fundum var til umfjöllunar byggðakvóti sem sveitarfélaginu hefur verið úthlutað af sjávarútvegsráðuneytinu, samanber bréf þess frá 21. maí sl. Í fundargerð nefndarinnar frá 1. júní sl. leggur atvinnumálanefndin til við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við sjávarútvegsráðuneytið að gerðar verði nokkrar breytingar á reglugerð 439 frá 16. maí 2007, sem fjallar um úthlutun byggðakvóta á einstök skip. Nefndin gerir tillögu um að reglur sem gilda um úthlutun á einstök skip á Vopnafirði verði svofelldar:

“Tillögur Vopnafjarðarhrepps að úthlutunarreglum vegna úthlutaðs byggðakvóta kvótaársins 2006/2007.

1) Við úthlutun byggðakvóta 2006/2007 skal miðað við reglugerð nr. 439 frá 16. maí 2007 að teknu tilliti til eftirtalinna breytinga.

2) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig að miða skal úthlutun við aflamark viðkomandi skips á úthlutunardegi í stað þess að miðað sé við aflahlutdeild í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007, skv. lögum nr. 116/2006. Með aflamarki er átt við þann upphafskvóta, sem skip fengu við upphaf kvótaársins

2006/2007 að viðbættum þeim kvóta sem skip hafa leigt til sín á tímabilinu.

3) Víkja skal frá 15 tonna hámarksúthlutun á skip, þannig að úthlutað verði hlutfallslega miðað við úthlutaðan og leigðan kvóta (aflamark), burt séð frá þessu hámarki.

4) Ennfremur vegna ákvæða í 6. gr. reglugerðarinnar um vinnslu afla í heimabyggð, er lagt til að slæging og ísun aflans verði skilgreind sem vinnsla, ef svo illa vill til að bolfiskvinnsla á Vopnafirði geti ekki nýtt sér aflann til vinnslu.”

Gerð var grein fyrir hugmyndum atvinnuálanefndar varðandi þessi mál og urðu all miklar umræður um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Hreppsnefndarmenn lýstu almennt þeirri skoðun sinni að kvótinn væri lífill.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða tillögu atvinnuálanefndar um breytingar á reglugerð 439 frá 16. maí 2007.

6. mál Bréf sjávarútvegsráðuneytisins frá 21. maí sl. varðandi úthlutun byggðakvóta, ásamt lögum og reglugerðum varðandi þessi mál.

Lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins frá 21. maí sl. varðandi úthlutun á byggðakvóta, þar sem tilkynnt er að sveitarfélagið fær 42 þorskígildistonn í sinn hlut. Ennfremur lögð fram lög nr. 116/2006 og reglugerðir 440 og 439 frá 16. maí 2007.

Um þessi mál var einnig fjallað undir tl. 6. “fundargerðir atvinnuálanefndar”.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur verulegar áhyggjur af þróun sjávarútvegs og atvinnu í sjávarþorpum á landsbyggðinni. Ljóst er að margar slíkar byggðir eiga í vök að verjast sökum þess hvað mikl samþjöppun á sér stað í eignarhaldi á kvóta sjávarfangs.

Í þessu sambandi er lögð fram svofelld ályktun:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps vill með ályktun þessari benda á að byggðakvóti er hugsaður til þessa að styðja við þær sjávarbyggðir á landsbyggðinni sem eiga í vök að verjast við atvinnuuppbyggingu á grundvelli fiskvinnslu og fiskveiða. Til þess að aðgerð þessi hafi veruleg áhrif í þessa átt þarf heildarmagn þess kvóta sem til úthlutunar er að vera mun meira en raunin er á. Að öðrum kosti nær aðgerðin ekki tilætluðum árangri.

Stjórnvöld eru hvött til þess að breyting verði á þessu og ennfremur að við skiptingu byggðakvóta verði jafnvel úthlutað til lengri tíma, þ. a. mögulegt sé að byggja upp örugga atvinnu á grundvelli þessarar aðgerðar.

Úthlutun á 42 þorskígildistönum til sveitarfélags eins og Vopnafjarðar, sem nánast hefur lagt allt undir til þess að halda fiskvinnslu á staðnum, hefur sáralítill sem engin áhrif fyrir atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Fyrir sveitarfélag, þar sem íbúarnir eiga lang stærstan hluta afkomu sinnar undir sjávarútvegi er mikilvægt að stjórnvöld sjái til þess að sú stefna sem rekin er í sjávarútvegi landsins skapi grunn að því að vinna við fiskveiðar og vinnslu geti þróast með eðlilegum hætti. Verði ekki gripið til sértækra aðgerða í þessu sambandi er hætt við að mörgum sjávarbyggðum muni blæða á komandi árum.

Vopnafjarðarhreppur vill hvetja stjórnvöld til góðra hluta í þessum málum svo sjávarbyggðir landsins megi dafna sem best til framtíðar.”

Eftir umræður var fyrirliggjandi ályktun samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að koma þeim á framfæri við ráðherra sjávarútvegs og byggðamála.

7. mál Ýmis bréf og erindi:

a) Umhverfisráðuneytið, afrit af bréfi, varðandi skipun fulltrúa sveitarfélaga í Hreindýraráð.

Vopnafjarðarhreppur mælir með því að Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri SSA, verði áfram fulltrúi sveitarfélaganna.

b) Austfjarðatröllið 2007

Samþykkt að styrkja atburðinn með sambærilegum hætti og gert var á síðasta ári.

c) Mennigarsjóður félagsheimila, bréf dags. 29. maí sl., varðandi styrk.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.50